

REGLUGERÐ**um dómsmálagjöld o.fl.**

I. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79, 23. desember 1975, sbr. lög nr. 13, 5. maí 1978.

1. gr.

Dómsmálagjöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

A.		kr.
Fyrir héraðsdómi:		
1.	Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu	200
2.	Gjald fyrir þingfestingu	2 500
3.	Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	200
4.	Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	400
5.	Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	400
6.	Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	400
7.	Gjald fyrir kærui til Hæstaréttar	1 400
8.	Gjald fyrir sjóferðarpróf	2 600
B. Fyrir Hæstarétti:		
1.	Gjald fyrir útgáfu stefnu	200
2.	Gjald fyrir þingfestingu	2 000
3.	Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	350
4.	Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	400
5.	Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	400
6.	Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	350
7.	Útivistargjald	2 000

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfadernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

3. gr.

Fyrir fógetagerðir, aðrar en þær, sem um ræðir í 2. gr. aukatekjulaga, skal greiða sem hér segir:

	kr.
1. Kyrrsetning á manni	1 200
Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 2. gr. aukatekjulaga.	
2. Útburður manns af jörð eða húsi	1 200
3. Innsetning á jörð eða í hús til umráða	1 200
4. Aðrar fógetagerðir er fara fram á það er eigi verður metið til peningaverðs	1 200
Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir grein þessari, sé kyrrsetning manns með henni niður felld.	

4. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 500 kr.

5. gr.

Fyrir uppboðsgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda 500 kr.
2. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 11. gr. aukatekjulaga, en sala fer eigi fram við uppboð, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 1 200 kr. fyrir árangurslaust uppboð.
3. Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulíð. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 1 200 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.
4. Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 1 000 kr.
5. Fyrir undirboðsþing skal greiða 1 000 kr.

6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða 600 kr. Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða 700 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottám lögræðissviptingar.

7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| 1. Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir | kr.
400 |
| 2. Notarialvottorð á arfleðsluskrá | 600 |
| 3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga | 400 |
| 4. Dráttur í happdrætti | 1 800 |
| 5. Úrdráttur skuldabréfa | 1 000 |

II. Gjöld samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

8. gr.

Fyrir próf ökumanna skal greiða sem hér segir:

- | | |
|--|--------|
| 1. Almenn bifreiðastjórapróf | 3 000 |
| 2. Próf í akstri bifhjóla | 3 000 |
| 3. Próf í akstri léttra bifhjóla | 2 000 |
| 4. Próf í akstri torfærutækja | 2 000 |
| 5. Próf í akstri dráttarvéla | 2 000 |
| 6. Ökukennarapróf | 10 000 |

9. gr.

Fyrir skírteini skal greiða sem hér segir:

- | | |
|--|-------|
| 1. Bráðabirgðaökuskírteini | 1 000 |
| 2. Ökuskírteini bifreiðastjóra (fullnaðarskírteini), að 65 ára aldri | 2 000 |
| 3. Ökuskírteini bifreiðastjóra, 65 ára og eldri | 1 000 |
| 4. Ökuskírteini til að stjórna bifhjóli | 2 000 |
| 5. Ökuskírteini til að stjórna léttu bifhjóli | 700 |
| 6. Ökuskírteini til að stjórna torfærutæki | 700 |
| 7. Ökuskírteini til að stjórna dráttarvél | 700 |
| 8. Alþjóðlegt ökuskírteini | 1 200 |
| 9. Löggilding ökukennara | 1 500 |
- Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

10. gr.

Fyrir leyfi til að selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannflutninga án ökumanns skal greiða 6000 kr.

III. Gjöld samkvæmt lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.

11. gr.

Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sem hér segir:

	kr.
1. Fyrir hvert skotvopn, sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað	1 000
2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna	500
3. Fyrir afnotaleyfi samkvæmt 19. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 16/1978, sbr. rg. nr. 174/1979	500

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi samkvæmt 3. málsg. 8. gr. reglugerðar nr. 16/1978.

12. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um dómsmálagjöld o.fl., nr. 585 23. desember 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1989.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Porleifur Pálsson.

G J A L D S K R Á

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingunni og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

	Kr.
1. Vogarlóð:	
1.1 Allir massar í nákvæmnisflokkum: M ₁ , M ₂ og O	600,00
1.2 Allir massar í nákvæmnisflokkum: F ₁ og F ₂	950,00
1.3 Allir massar í nákvæmnisflokkum: E ₁ og E ₂	1 900,00
2. Lyfjaverslanir og rannsóknarstofur:	
2.1 Mælitæki fyrir lyfjaverslanir og rannsóknarstofur (önnur en lóð)	1 900,00
3. Tuga-, hundraðs- og rennilóðavogir:	
3.1 Burðarþol ≤ 2 000 kg	950,00
3.2 Burðarþol > 2 000 kg	2 300,00